

# Málþing

## Nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar

Félagsheimilið Baldurshagi, Bíldudal  
sunnudaginn 14. nóvember kl 13.15 – 16.15.

### Dagskrá

1. *Nýtingaráætlun: Aðdragandi og sjónarmið. Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.*
2. *Nýtingaráætlun Arnarfjarðar: Gögn og aðferðir. Gunnar Páll Eydal, Teiknistofunni Eik.*
3. *Skipulag á landi og í sjó, Stefán Thors, skipulagsstjóri. Skipulagsstofnun.*
4. *Rannsóknir á lífríki sjávar. Hjalti Karlsson, forstöðumaður, Hafrannsóknastofnun,*
5. *Leyfisveitingar og auðlindir á hafsbotni, Lárus Ólafsson, yfirlögfræðingur, Orkustofnun.*
6. *Nýting og skipulag strandsvæða, Sigríður Ólafsdóttir, doktorsnemi.*

Málþingið er öllum opið til kynningar fyrir íbúa og aðra sem hafa áhuga á þessu verkefni.. Það markar einnig upphaf vinnu að gerð nýtingaráætlunar fyrir strandssvæði Arnarfjarðar

*Fjórðungssamband Vestfirðinga*  
*Háskóla­setur Vestfjarða*  
*Teiknistofan Eik*

## Fréttatilkynning


Málþing um nýtingu strandsvæðis Arnarfjarðar verður haldið í félagsheimilinu Baldurshaga, Bíldudal, sunnudaginn 14. nóvember n.k., á milli kl. 13.15 og 16.15. Í framhaldi málþingsins verður haldinn fyrsti fundur starfshóps sem mun vinna að verkefni um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.

Verkefnið, nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar, hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Verkefnið byggir á samþykkt Fjórðungsþings Vestfirðinga frá árinu 2008 og 2009 en einnig hafa stjórnvöld lýst áhuga á framkvæmd og hagnýtingu niðurstaðna til mótunar stefnu um nýtingu strandsvæðis almennt. Hér um að ræða fyrsta verkefni sinnar tegundar sem unnið er á Íslandi. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem miðar að því að gera nýtingaráætlun fyrir alla Vestfirði en vinna við það hófst árið 2009 með skráningu á núverandi nýtingu strandsvæðis við Vestfirði. Niðurstöður tilraunaverkefnisins munu nýtast í áframhaldandi vinnu við nýtingaráætlun fyrir Vestfirði. Mótun og framkvæmd verksins, hefur verið unnin í samstarfi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Háskólaseturs Vestfjarða og Teiknistofunnar Eikar.

Meginmarkmið verkefnisins er að gera samþætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar og samræma stjórnun og nýtingu þessa svæðis í samvinnu við hagsmunaaðila. Verkefninu er ætlað að bæta nýtingarmöguleika strandsvæðis í Arnarfirði og stuðla að sjálfbærri nýtingu til hagsbóta fyrir samfélag, efnahagslíf og umhverfi. Jafnframt er ætlunin að stuðla að nýsköpun á sviði umhverfis- og auðlindastjórnunar á strandsvæðum. Unnið verður eftir ákveðnu verklagi sem m.a. felur í sér nána samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila. Settur verður á fót hópur hagsmunaaðila og fulltrúa sveitarstjórna (Vesturbyggðar, Tálknafjarðar og Ísafjarðarbæjar) og verður hlutverk hans að vinna áætlunina í samvinnu við ráðgjafa.

Framkvæmd verkefnisins nýtur fjárstuðnings Umhverfisiráðuneytis, Iðnaðarráðuneytis, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Vaxtarsamnings Vestfjarða og Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnenda Hagkaups.

Nánari upplýsingar um framkvæmd og bakgrunn verkefnisins má finna á vefsíðu verkefnisins: <http://www.fjordungssamband.is/nytingaraetlun/>



Dæmi um úrvinnslu. Frumniðurstöður úr forverkefni um nýtingu strandsvæðis Vestfjarða, niðurstöður vinnufundar á Patreksfirði í nóvember 2009.